

Steinunn Soffía Skjenstad will finish her Master's Degree as a classical singer from the Sibelius Academy in Helsinki this summer. Her musical education began with the violin when she was six but soon turned to singing, which she studied at The Reykjavík College of Music and Iceland Academy of the Arts under the guidance of Elísabet Erlingsdóttir. In addition to her training in classical singing, choral singing has been an important part of Skjenstad's musical education, as she has been a member of some of the best-known choirs in Iceland from an early age. In spring 2008, she sung the role of *Fiordiligi* in *Così fan tutte* by W.A. Mozart in the Opera Studio of the Icelandic Opera. She has also sung *Miss Wordsworth* in *Albert Herring* by B. Britten, *Elisetta* in *Il matrimonio segreto* by Cimarosa and *Czipra* in *Der Zigeunerbaron* by Strauss. Skjenstad has attended master classes with Udo Reinemann, Elly Ameling, Julius Drake, Edith Wiens, Giovanna Canetti and Joy Mammen.

The Finnish pianist **Sofia Wilkman** started her piano studies in 1991 at the Porvoo College of Music. Later, she studied some years with Eero Manninen and Joonas Pohjonen and has been a student at The Sibelius Academy from 2003. Her main teachers are Teppo Koivisto and Ilmo Ranta. Wilkman is especially active in the field of chamber music and Lieder and in 2003 she founded *The Wellen Trio*, a piano trio that has performed at various concerts throughout Finland. The trio received the Kees Wiebenga prize at the Kuhmo Chamber Music Festival in Finland 2006 for best performance.

Skjenstad and Wilkman, both born in 1983, have worked together for two years and given concerts in Helsinki. In October 2007, they received first prize for lied singing in the Erkki Melartin Chamber Music Competition in Savonlinna, Finland.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Steinunn Soffía Skjenstad
sópran

Sofia Wilkman
píanó



Steinunn Soffía Skjenstad mun ljúka mastersgráðu í söng frá Síbelíusar-akademíunni í Helsinki í sumar en hefur stundað tónlistarnám frá því hún hóf að læra á fiðlu 6 ára gömul. Hún stundaði söngnám við Listaháskóla Íslands hjá Elísabetu Erlingsdóttur, en hefur einnig sótt námskeið m.a. hjá Udo Reinemann, Elly Ameling og Julius Drake. Kórstarf var Steinunni mikilvægt tónlistaruppeldi og hefur hún sungið með Gradualekór Langholtskirkju og Graduale Nobili undir stjórn Jóns Stefánssonar og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Steinunn fór með hlutverk *Fiordiligi* í *Così fan tutte* eftir W.A. Mozart í Óperustúdíói Íslensku Óperunnar vorið 2008 en hún hefur einnig sungið hlutverk *Miss Wordsworth* í *Albert Herring* eftir B. Britten, *Elisetta* í *Il matrimonio segreto* eftir D. Cimarosa og *Czipru* í *Sígaunabaróninum* eftir J. Strauss.

Finnski píanistinn **Sofia Wilkman** hóf píanónám árið 1991 í Tónlistarskólanum í Porvoo, Finnlandi undir leiðsögn Eeros Manninens og Joonas Pohjonens. Haustið 2003 hlaut Sofia inngöngu í Síbelíusar-akademíuna í Helsinki þar sem aðalkennarar hennar eru Teppo Koivisto og Ilmo Ranta. Sofia hefur í námi sínu lagt sérstaka áherslu á flutning kammer- og ljóðasöngtónlistar og hefur komið víða fram á tónleikum í Finnlandi með Wellentríóinu, píanótríói sem hún hefur leikið með síðan 2003 og hlaut Kees Wiebenga verðlaunin sem besti flytjandi á Kammertónlistarhátíðinni í Kuhmo sumarið 2006.

Steinunn og Sofia eru jafnöldrur, fæddar árið 1983 og hafa unnið saman í rúm tvö ár og haldið tónleika í Helsinki. Í október 2007 hlutu þær fyrstu verðlaun í ljóðasöngsflokki Erkki Melartin kammertónlistarkeppninnar í Savonlinna í Finnlandi.

Efnisskrá

Franz Schubert 1797 – 1828	Söngvar Mignonar úr skáldsögunni <i>Wilhelm Meister, Lehrjahre</i> eftir Goethe Mignons Gesang; <i>Kennst du das Land?</i> op. 25 Lied der Mignon; <i>Heiss mich nicht reden</i> op. 62/2 Lied der Mignon; <i>So lasst mich scheinen</i> op. 62/3 Lied der Mignon; <i>Nur wer die Sehnsucht kennt</i> op. 62/4
Gustav Mahler 1860 – 1911	Söngvar úr <i>Des Knaben Wunderhorn</i> Ablösung im Sommer Rheinlegendchen Wo die schönen Trompeten blasen
Anton Webern 1883 – 1945	Úr <i>Der siebente Ring</i> eftir Stefan George <i>Fünf Lieder</i> op. 3 I Dies ist ein Lied II Im Windesweben III An Bachesranft IV Im Morgentaun V Kahl rekt der Baum
Richard Strauss 1864 – 1949	Lög úr <i>Acht Gedichte</i> op. 10 við ljóð Hermanns von Gilm I Zueignung II Nichts! IV Die Georgine VI Die Verschwiegenen VIII Allerseelen

Lög úr *Acht Gedichte*
Richard Strauss (1864–1949)
við ljóð Hermanns von Gilm (1812–1864)

Ferill Richards Strauss sem ljóðasöngstönskáld spannar síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta hinnar tuttugustu, tímabil þar sem hið þýska ljóð (Lied) gekk í gegnum mikil umskipti. Strauss samdi yfir 200 sönglög sem endurspegla þessa umbreytingu. Í elstu ljóðasöngvum hans má heyra mjög greinilegan þýskrómantískan stíl meðan hin síðari, sem gjarnan eru með hljómsveitarundirspili, bera greinileg áhrif óperuformsins.

Árið 1885 markaði djúp spor í ferli Strauss. Þá flutti hann að heiman og það ár samdi hann fyrsta sönglagaópus sinn (op. 10) sem ber vott um mikinn tónlistarlegan þroska hjá jafnungi tónskáldi. *Acht Gedichte* aus „Letzte Blätter“ er safn átta söngva sem samín voru við texta Hermanns von Gilm. Nokkur þessara laga eru meðal allra þekktustu sönglaga Strauss.

Við val sitt á textum sagði Strauss að innihald ljóðanna réði mestu, umfram form, hrynjandi eða rím, og það lítur út fyrir að hann hafi forðast ljóð í ströngum bragarháttum. Þó svo að Strauss hafi samið ljóð við texta hinna allra stærstu þýskumælandi skálda, svo sem Goethe, Rückert og Heine, valdi hann yfirleitt minna þekkt ljóðskáld. Ef til vill gaf það honum frelsi til að einblína betur á tónlistina sjálfa ósnortinn af áhyggjum af mögulegum samanburði við önnur tónskáld.

Krefjandi píanórödd margra sönglaga Strauss hafa fælt flytjendur frá verkum hans, en Strauss var sjálfur flinkur píanóleikari og vitað er að þegar hann lék undir eigin sönglög, gjarnan með eigin konu sinni sópransöngkonunni Pauline de Ahna, leyfði hann sér að fara frjáltslega með tónsmíðarnar.

Söngvar *Mignonar* úr skáldsögunni
Wilhelm Meister, Lehrjahre
Franz Schubert (1797–1828)
við ljóð J.W. von Goethe (1710–1782)

Í október árið 1814 hóf hinn 17 ára gamli Franz Schubert að tónsetja ljóð úr leikritinu Faust eftir J.W. Goethe. Ljóðrænn texti Goethes leysti úr læðingi einstæða rödd Schuberts og var honum innblástur allt hans líf, en hann samdi yfir 80 sönglög við ljóð Goethes. Lög þessi áttu eftir að umturna heilu tónlistarformi – hinum þýska ljóðasöng.

Mignon er ein aðalsöguhetja í skáldsögu Goethe um Wilhelm Meister. Hún er 13 ára gömul stúlka, leyndardómsfull og saklaus en jafnframt tignarleg, sem vinnur fyrir sér sem dansari í fjölleikahúsi. Mignon verður á vegi Wilhelms í fjölleikahúsinu, hann fellur fyrir henni og kaupir hana lausa frá hópnum. Hún gerist ferðafélagi hans ásamt öðrum jafndularfullum einstaklingi, hörpuleikara úr fjölleikahúsinu. Leynileg ást Mignonar á Wilhelm veldur henni miklum þjáningum og, ólíkt hörpuleikaranum sem finnur frið í sálu sinni undir lok skáldsögunnar, tekst Mignon aldrei að finna hinn innri frið. Óendurgoldnar tilfinningar og óróleiki í sál hennar ganga á endanum fram af henni og hún deyr.

Á ellefu ára tímabili gerði Schubert fleiri tilraunir við Mignonljóð Goethes og samdi fjöldamörg mismunandi lög við söngva Mignonar. Lögin sem flutt eru í kvöld eru öll úr síðustu tónsetningum Schuberts við Mignonljóðin. *Kennst du das Land?* samdi Schubert árið 1815, en hin þrjú eru frá árinu 1826.

Söngvar úr *Des Knaben Wunderhorn*

Gustav Mahler (1860–1911)

Austurríska tónskáldið Gustav Mahler fæddist árið 1860 í Böhmen, sem þá heyrði undir Austurríska keisaradæmið en er nú hluti af Tékklandi. Mahler var af gyðingaættum en snerist síðar til kaþólskrar trúar af pólitískum ástæðum. Tónlistarhæfileikar Mahlers komu snemma í ljós og tvítugur að aldri hóf hann farsælan feril sem hljóm-sveitarstjóri. Hann var meðal annars óperustjóri Vínaróperunnar í áratug frá árinu 1897. Árið 1901 kvæntist Mahler Ölmú Schindler (f. 1879), tónlistarkonu og tónskáldi. Hjónaband þeirra reyndist stormasamt, meðal annars vegna þess að Gustaf Mahler fannst það óviðeigandi að eiginkona hans fengist við tónsmíðar líkt og hann sjálfur, hennar hlutverk væri að sinna hans eigin þörfum. Mahler-hjónin eignuðust tvær dætur en eldri dóttir þeirra lést aðeins 4 ára að aldri og náði Mahler sér aldrei fyllilega eftir það. Hann lést fjórum árum síðar, í Vínarborg 18. maí 1911.

Gustav Mahler var melódíutónskáld og sótti innblástur í hið sígilda þýska ljóðaform (Lied). Hann samdi undursamlegar laglínur sem prýða alla hans tónlist, hvort sem um hljómsveitarverk eða sönglög er að ræða og víða má heyra sterk áhrif austurrískrar þjóðlagatónlistar í verkum hans. Mahler var einnig meðvitaður um hin mismunandi litbrigði sínfónískrar tónlistar sem gefa tónlist hans einkar persónulegan stíl. Það sem ekki síst einkennir tónlist hans eru þykkir og safaríkir hljómar og torfarnar leiðir í tóntegundaskiptum sem lýsa má þannig að hann fari milli óskyldra tóntegunda án þess þó nokkru sinni að yfirgefa „tónalítetið“. *Des Knaben Wunderhorn* (Töfralúður drengsins) er safn þýskra þjóðvísna sem kom út á árunum 1805 – 1808. Mahler var hrifinn af textunum og notaði þá beint eða sem innblástur í stóran hluta af tónlist sinni.

Fünf Lieder úr *Der siebente Ring*

Anton Webern (1883–1945)

við texta eftir Stefan George (1868–1933)

Anton Webern fæddist árið 1883 í Vín. Fyrstu árin naut hann handleiðslu móður sinnar í píanóleik en lærði svo á píanó og selló í Klagenfurt. Árið 1902 hlaut hann inngöngu í Tónlistarháskólann í Vínarborg þar sem hann nam tónlistarfræði og tónsmíðar hjá Arnold Schönberg. Kynni Weberns af Schönberg urðu afdrifarík, en þeir tveir ásamt öðrum nemanda Schönbergs, Alban Berg, opnuðu nýjar víddir í tónsköpun með því að semja atónal tónverk, þar sem ekki er gengið út frá tilvist ákveðinnar tónmiðju (líkt og tóntegundir eru). Þetta kerfi átti Schönberg síðar meir eftir að þróa í tólf-tóna kerfi. Tónlist Weberns er afar samanhjöppuð þar sem hvert smáatriði er þýðingarmikið og engu er ofaukið. Hún þótti framúrstefnuleg á sínum tíma og torskilin og var hann því vanmetinn sem tónskáld af samtímamönnum sínum.

Þegar nasistar komust til valda í Austurríki árið 1933 var tónlist Weberns með öllu bönnuð, hún var talin menningarlegur bolsévismi, og þegar síðari heimsstyrjöldin braust út einangraðist hann alveg tónlistarlega. Í febrúar 1945 sá Webern sér ekki annað fært en að flýja frá Vín ásamt eiginkonu sinni, Wilhelminu, til Mittersill sem er í grennd við Salzburg. Hann lést síðar sama ár er hann varð fyrir voðaskoti bandaríks hermanns við heimili sitt.

Stefan George (1868–1933) var eitt af mikilvægustu sýmbólísku ljóðskáldum Þjóðverja þrátt fyrir að vera lítt þekktur utan ákveðins hóps menntamanna. Hann tilheyrði einhvers konar lokaðri reglu sem kallaði sig *Georgekreise* - eftir George sjálfum - hópi vina hans og aðdáenda sem mörg hver voru ung og upprennandi ljóðskáld. George var fagurkeri og sótti innblástur í klassísk grísk skáldskaparform. Ljóð hans eru með formlegum bragarhætti, ljóðræn og oft háfleyg og hann gerði margs konar tilraunir með mismunandi hrynjandi, líkingamál og stafsetningu. George trúði á ljóðlist sem upplýftingu andans og var ötull talsmaður listar listarinnar vegna, *l'art pour l'art*. Ljóð George mynduðu brú á milli rómantíkur og modernisma í þýskum skáldskap.

Webern samdi lög við texta Georges á árunum 1908 – 1909 (op. 3 og 4 auk nokkurra laga án ópusnúmera) og markaðu þau upphaf atónal tónsmíða hans.